

* Tollverð

Úrskurður nr. 8/2003.

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollverð á Range Rover bifreið árgerð 1995. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda. Ríkistollanefnd staðfesti tollmeðferð tollstjóra en breytti viðmiðunarverði.

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 10. gr., 14. gr., 97. gr., 101. gr. og 108. gr. Reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun 20. - 21. gr. Reglugerð nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda 5. gr. Rgl. 160/1990

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2003, er barst nefndinni 2. desember s.á. kæra J. fyrir hönd H., úrskurð tollstjórans í Reykjavík nr. 7/2003, sem uppkveðinn var þann 6. október 2003. Í hinum kærða úrskurði ákvarðar tollstjóri tollverð á bifreið sem umbjóðandi kæranda flutti inn frá Bandaríkjunum. Bifreiðin er af gerðinni Range Rover árgerð 1995 og kom til landsins með sendingu S HAD 03 06 3 US NEN J537. Í kærinni segir m.a. að umbjóðandi kæranda hafi flutt með fjölskyldu og búslóð til landsins í lok mars 2002 frá Los Angeles í Bandaríkjunum en þar hafi hann verið búsettur alla sína tíð og átt bifreið þá sem hér er deilt um tollverð á. Hafi hann ætlað að selja bifreiðina úti en ekki tekist. Þá kemur fram að bifreiðin var skemmd eftir óhapp þegar hún var keypt og sé það skráð í skráningargögnum hennar. Þá segir að umbjóðandi kæranda hafi leitað til tollyfirvalda hér á Íslandi þann 23. júlí 2002 um upplýsingar um hversu há aðflutningsgjöld bæri að greiða af bifreiðinni ef hann flytti hana til Íslands. Hann hafi gefið allar upplýsingar um fyrirhugaðan búferlaflutning og að verið væri að reyna að selja bifreiðina ytra. Í hinum skriflegu upplýsingum frá tollstjóra hafi komið fram að heildaraðflutningsgjöld af bifreiðinni væru kr. 291.007,00. en gerður var fyrirvari vegna flutningsgjalds og gengis. Ekki hafi verið tilgreind nein tímamörk um hvenær þyrfti að koma með bifreiðina hingað til lands til að forsendur útreiknings tollstjóra stæðust. Það hafi því komið á óvart að þegar umbjóðandi kæranda hafi ætlað að tollafgreiða bifreiðina á þeim forsendum sem tollstjóraembættið hafi gefið upp að starfsmenn embættisins hafi breytt sínum fyrri gjörningi og metið bifreiðina þannig að innflytjanda bæri að greiða kr. 828.985,00.í heildaraðflutningsgjöld af henni. Umbjóðandi kæranda getur ekki sætt sig við þessa hækkun og telur að bifreiðin standi ekki undir þessu verðmatti tollstjóra. Hann hafi flutt bifreiðina inn á þeim forsendum sem tollstjóri hafi gefið þann 23. júlí 2002 og þótt þær væru gerðar með fyrirvara, hafi hann talið hæpið að gjöldin myndu breytast það mikið að það skipti sköpum. Kærandi telur að það hljóti að vera mikið að, ef tollstjóri gefi skriflega verðhugmynd til einstaklings varðandi innflutning á búslóðarbifreið að það geti munað meira en 180%.

Þá segir að umbjóðanda kæranda hafi ekki verið gefinn kostur á að leggja fram kaupreikning (Bill of Sale) fyrir bifreiðinni til viðmiðunar til útreiknings tollverðs hjá tollstjóra en hann keypti bílinn á USD 18.000,- þann 2.október 1998. Kærandi krefst þess að úrskurðað verði að það verð gildi sem sett var fram í skriflegu álitu tollstjóra, dagsettu 23. júlí 2002, um að greiða beri kr. 291.007,- af bifreið þessari miðað við að verðmæti frá umboði hafi verið kr. 5.450.000,00 á þeim tíma. Til vara að hann fái 90% fyrningu af bifreiðinni skv. seinna mati embættisins af verðmatti frá umboði ísk. 6.150.000,00 fyrst að hið fyrra var gert með fyrirvara og væri þá inni hækkun frá umboði vegna gengis o.fl. Til þrautavara að leyfa að fyrning væri 90% frá reikningsverði bílsins þegar umbjóðandi kæranda keypti bifreiðina í október 1998 og er vísað í 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra nr. 7/2003 frá 6. október 2003 segir m.a. að í ákvæði 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, komi fram sú meginregla tollalaga að greiða beri toll af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, eins og mælt sé fyrir í tollskrá, sbr. viðauka við tollalög. Undantekningar frá þessari meginreglu séu aftur á móti að finna í 6. gr. tollalaga, en þar segi í 3. tl. 1. mgr., að tollur skuli lækka, falla niður eða endurgreiðast m.a. í tilvikum, þar sem bifreiðar eru fluttar til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Lögin kveði skýrt á um það að undanþága þessi gildi aðeins í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

Þá segir að í reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum, sé að finna nánari skilyrði um framkvæmd ofangreindrar undanþágureglu. Í 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar segi að tollstjóra sé heimilt að veita leyfi til tollfrjáls innflutnings á bifreið í allt að einn mánuð talið frá komu flutningsfars ökutækis, til landsins að uppfylltum nánar greindum skilyrðum. Þar

komi fram að innflutningur ökutækisins þarf að eiga sér stað við komu hlutaðeigandi til landsins, í beinu framhaldi af komu hans til landsins og ekki síðar en einum mánuði frá komu hans til landsins. Ekki eru neinar undantekningar í lögum eða reglugerð sem heimila frávik frá þessum skilyrðum sem talin eru upp í 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar.

Ljóst sé að bifreiðin kom til landsins í júní 2003, en búslóð eiganda hennar hafi komið til landsins með sendingu númer S HEG 20 03 2 US LGB W001, þ.e. í mars 2002. Það séu því liðnir 14 mánuðir frá því að búslóðin kom til landsins þar til umrædd bifreið var flutt inn og því ljóst að tímafrestur sá er gefinn er í reglugerð nr. 160/1990, varðandi tímabundinn tollfrjálsan innflutning á bifreiðinni sé löngu liðinn. Engar heimildir séu í lögum eða reglugerð til að veita undanþágur frá skilyrðum 3. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/1990.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í 4. tl. 5. gr. tollalaga komi skýrt fram að þó að búslóðir manna sem hafa átt fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en viðkomandi flyst til landsins séu tollfrjálsar, eigi það ekki við um ökutæki né önnur vélknúin farartæki. Því skuli greiða aðflutningsgjöld af ökutækjum og öðrum vélknúnum farartækjum við flutning þeirra til landsins lögum samkvæmt.

Tollstjóri hafnar því alfarið að leggja eigi útreikning, dags. 23. júlí 2003, til grundvallar álagningu aðflutningsgjalda, þar sem útreikningurinn var einungis til leiðbeiningar og komi það mjög skýrt fram á útreikningsblaðinu að upplýsingar þær, er þar koma fram séu gefnar með fyrirvara. Forsendur þess útreiknings séu breyttar og hafi miðast við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem þær voru gefnar. Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðar tollstjóri með vísan til 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 að álögd aðflutningsgjöld, reiknuð út á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun séu að fjárhæð kr. 828.985,00.- út frá tollverði bifreiðarinnar kr. 1.024.813,00.-

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 2. desember 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 17. desember 2003 segir m.a. að í 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sé að finna þá meginreglu tollalaga að greiða beri toll af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, eins og mælt sé fyrir í tollskrá, sbr. viðauka við tollalög. Í 6. gr. tollalaga er síðan að finna undantekningar frá þessari meginreglu, en í 3. tl. 1. mgr. segir að tollur skuli lækka, falla niður eða endurgreiðast m.a. í tilvikum, þar sem bifreiðar eru fluttar til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Skýrt er kveðið á um það í tollalögum að undanþága þessi gildi aðeins í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins. Þá segir að nánari skilyrði um framkvæmd ofangreindrar undanþágureglu sé að finna í reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, með síðari breytingum. Í 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar segi að tollstjóra sé heimilt að veita leyfi til tollfrjáls innflutnings á bifreið í allt að einn mánuð talið frá komu flutningsfars ökutækis til landsins að uppfylltum nánar greindum skilyrðum. Þar komi fram að innflutningur ökutækisins þarf að eiga sér stað við komu hlutaðeigandi til landsins, í beinu framhaldi af komu hans til landsins og ekki síðar en einum mánuði frá komu hans til landsins. Í lögum eða reglugerð sé ekki að finna neinar undantekningar sem heimila frávik frá þessum skilyrðum sem talin eru upp í 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar.

Í 4. tl. 5. gr. tollalaga komi skýrt fram að þó að búslóðir manna sem hafa átt fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en viðkomandi flyst til landsins séu tollfrjálsar, eigi það ekki við um ökutæki né önnur vélknúin farartæki. Greiða skuli því aðflutningsgjöld af ökutækjum og öðrum vélknúnum farartækjum við flutning þeirra til landsins lögum samkvæmt.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að um innflutning bifreiða gildi meðal annars reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Í V. kafla framangreindrar reglugerðar sé að finna sérákvæði vegna innflutnings bifreiða og gildi þær reglur um innflutning Range Rover bifreiðarinnar. Vikið sé að innflutningi búslóðarbifreiða í 23. gr. reglugerðarinnar, en í þeirri grein segir að flytji maður búferlum til landsins eftir að hafa verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár og hafi með sér ökutæki sem hefur verið í hans eigu það ár eða lengur, skuli heimilt að farna verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi fyrir hvern byrjaðan mánuð frá dagsetningu vörureiknings og til komumánaðar flutningsfars. Leggi innflytjandi ekki fram vörureikning við tollafgreiðslu ökutækis fer ákvörðun tollverðs eftir IV. kafla, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðarinnar. Í 20. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Ekki hafi verið unnt að ákvarða tollverð á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr. reglugerðarinnar. Síðan segir í greinargerðinni að bifreiðin hafi verið flutt til landsins þann 3. júní s.l. en þá hafi verið liðnir 14 mánuðir frá því að búslóð innflytjanda kom til landsins með sendingu númer S HEG 20 03 2 US LGB W001. Tollstjóri telur ljóst að tímafrestur sá sem gefinn sé í reglugerð nr. 160/1990, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, hafi verið liðinn þegar framangreind bifreið var flutt inn og því sé ekki unnt að fara með bifreiðina sem búslóðarbifreið skv. 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Tollstjóri bendir á að tímamarka sé skýrlega getið í 3. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/1990 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla, sbr. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. En í kærinni komi fram að þegar innflytjandi leitaði eftir upplýsingum um aðflutningsgjöld vegna innflutnings framangreindrar bifreiðar hafi ekki verið getið þeirra tímamarka sem gilda um bifreiðainnflutning. Ekki liggja fyrir gögn hvort um þetta hafi verið rætt á milli kæranda og starfsmanns embættisins.

Tollstjóri leggur áherslu á að skýrt komi fram á útreikningsblaðinu að upplýsingar þær, sem þar koma fram séu gefnar með fyrirvara. Hann hafnar því alfarið að leggja eigi umræddan útreikning til grundvallar álagningu aðflutningsgjalda og bendir á að umræddur útreikningur miðaðist við þær upplýsingar er lágu fyrir í júlí 2002 og tók mið af því að bifreiðin yrði flutt inn á þeim tíma er útreikningurinn var gerður. Meðal annars sé miðað við það í framangreindum útreikningi, að um búslóðarbifreið sé að ræða, en fyrning búslóðarbifreiða sé reiknuð út á annan máta en fyrning annarra bifreiða, sbr. 21. gr. og 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum. Þá bendir tollstjóri á að í bréfi frá kæranda, dags. 25. júní 2003, komi fram að ástæða þess að bifreiðin kom ekki fyrr til landsins sé sú að bifreiðin hafi verið leigð á kaupleigu og greiðslum vegna hennar var ekki lokið. Fram kemur á skráningarskránni, gefnu út þann 12. janúar 2003, að kærandi sé skráður eigandi bifreiðarinnar. Verður að miða við að það sé sá dagur er innflytjandi varð skráður eigandi bifreiðarinnar. Við útreikning embættisins frá 23. júlí 2002, sé miðað við að um búslóðarbifreið sé að ræða. Í 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, kemur fram, eins og áður er rakið, að bifreið sem flutt er inn í tengslum við búferlaflutninga til landsins, verði að hafa verið í eigu viðkomandi í a.m.k. eitt næstliðið ár eða lengur. Tollstjóri telur því að framangreint skilyrði 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, hafi ekki verið uppfyllt og því eigi innflytjandi ekki að njóta þess hagræðis sem fæst af því að flytja bifreiðina inn sem búslóðarbifreið skv. 23. gr. framangreindrar reglugerðar. Síðan segir í greinargerð tollstjóra að í kæru til ríkisstollanefndar komi fram að kæranda hafi ekki verið gefinn kostur á að leggja fram kaupreikning fyrir bílnum til viðmiðunar til tollverðs. Tollstjóri bendir á að í bréfi kæranda til embættisins, dags. 25. júní 2003, tilgreindi innflytjandi að reikningur vegna bifreiðakaupanna hafi glatast. Því hafi verið bifreiðarinnar verið reiknað út samkvæmt þeim reglum sem fram koma í V. kafla reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Með framangreindri kæru fylgdi kaupreikningur (Bill of Sale). Skjal þetta hefur ekki verið lagt fram áður hjá embættinu. Tollstjóri telur að ekki sé unnt að líta á framangreint skjal sem kaupsamning heldur sé aðeins um að ræða söluýfirlýsingu. Því sé ekki unnt að miða við þá fjárhæð sem tilgreind sé í því skjali sem kaupverð við útreikning aðflutningsgjalda.

Ljóst sé að forsendur útreiknings aðflutningsgjalda, frá 23. júlí 2002, breyttust á því ári sem leið frá því að útreikningur embættisins var gerður, enda forsendurnar háðar gengi og öðrum breytilegum þáttum. Meðal annars hafi viðmiðunarverð bifreiðarinnar hækkað úr kr. 5.450.000,00 á árinu 2002 í kr. 6.150.000,00 á árinu 2003, skv. upplýsingum frá umboði. Tollstjóri telur því að ekki sé unnt að leggja til grundvallar útreikning embættisins á aðflutningsgjöldum, dags. 23. júlí 2002, sem settur var fram með fyrirvara.

Hvað varðar varakröfu kæranda bendir tollstjóri á að í 21. gr. og 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sé kveðið nákvæmlega á um hvernig reikna skuli út fyrningu af verði bifreiða og telur því að ekki sé unnt að víkja frá skýrum lagaákvæðum hvað útreikning á fyrningu bifreiðarinnar varðar. Þá gerir tollstjóri einnig athugasemdir við útreikning kæranda, sem merkt er sem fylgiskjal 5 í kærinni. Skýrt sé tilgreint í 21. gr. og 23. gr. reglugerð nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, að hámarksfyrning sé 90% en samkvæmt útreikningum kæranda er fyrning 102%. Ekki sé heimilt að ákvarða hærri fyrningu en sem sé skýrt tilgreind í framangreindum lagaákvæðum. Þá gerir tollstjóri einnig athugasemd við að í útreikningi kæranda sé miðað við að um búslóðarbifreið sé að ræða, en tollstjóri telur svo ekki vera. Að lokum telur tollstjóri ekki unnt að verða við þrautavarakröfu kæranda, þar sem að skilyrði 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, séu ekki uppfyllt.

Með hliðsjón af framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Greinargerð tollstjórans í Reykjavík var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 18. desember 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 7. janúar 2004 segir m.a. að umbjóðanda kæranda hafi ekki verið kynnt það ákvæði að hann þyrfti að koma með bifreiðina til landsins innan ákveðins tíma svo að hann nýti afskriftar af bifreiðinni sem búslóðarbifreiðar. Ef svo hefði verið hefði hann komið fyrr með bifreiðina til landsins og ekki þurft að greiða u.þ.b. 180% hærri gjöld en ella. Þá segir í umsögn kæranda að tollstjóri haldi því fram að útreikningurinn hafi verið gefinn með fyrirvara. Á viðkomandi reikningi sé þess hvergi getið hvað þessi fyrirvari þýði, aðeins standi "Með fyrirvara ÆKO" síðan kvittað undir með dagsetningu. Kærandi telur að tollstjóri hefði átt að tilgreina hvað þessi fyrirvari þýddi þannig að einstaklingar verði ekki fyrir vonbrigðum þegar kemur að tollafgreiðslu eins og í þessu tilfelli. Umbjóðandi sinn hafi alla sína tíð búið í Bandaríkjunum og tali sæmilega íslensku en eigi erfitt með að skilja hana. Varðandi athugasemdir tollstjóra á útreikningi í kærinni, þ.e. að reiknuð sé 102% fyrning þá sé það ekki rétt, á eyðiblaðinu séu sýndir fyrningarmánuðir og þá komi þessi tala fram, en forritið reikni aðeins hámarksfyrningu þ.e. 90%. Þá segir í greinargerð kæranda að umbjóðandi hans hafi ekki gert mikla leit að reikningi yfir kaup á bifreiðinni þar sem að hann taldi að hann hefði ekki þörf fyrir hann og verið sáttur við tollmátið sem hann hafi fengið hjá tollstjóra. Í samtölum sem hann átti við starfsmenn embættisins eftir að hann var kominn í vanda með tollafgreiðsluna hafi hann upplýst að kaupverð bílsins hafi verið USD 18.000,-.

Að lokum ítrekar kærandi fyrri kröfur um að tollstjóri standi við hið skriflega álit sitt um að umbjóðandi hans eigi að greiða kr.291.007,- af bíl sínum. Til vara að hann fái 90% fyrningu af bifreiðinni samkvæmt seinna mati embættisins þar sem sambærileg bifreið hafi hækkað í verði frá umboði um ísk. kr.

150.000,- og til þrautavara að leyfa að notast við framlagðan reikning að upphæð USD 18.000,- sem væri afskrifaður skv. 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995, það eru um 51%.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og kynnt sér þau gögn og rök sem málsaðilar hafa lagt fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um aðflutningsgjöld af bifreið af gerðinni Range Rover, árgerð 1995, sem kom til landsins þann 3. júní 2003 með sendingu nr. S HAD 03 06 3 US NEN J537. Fram kemur að umbjóðandi kæranda hafði óskað eftir því við tollstjóra að hann upplýsti um aðflutningsgjöld bifreiðarinnar. Í svari tollstjóra er bifreiðin reiknuð út eins og hún væri flutt inn sem búslóðarbifreið, þ.e. í beinu framhaldi af tollafgreiðslu búslóðar. Kærandi krefst þess fyrir hönd umbjóðanda síns að upplýsingar sem tollstjóri gaf í fyrrnefndu tölvubréfi verði úrskurðaðar bindandi. Til vara að hann fái 90% fyrningu af bifreiðinni samkvæmt. seinna verðmati tollstjóra og til þrautavara að leyfa að bifreiðin sé fyrnd um 90% frá reikningsverði þegar umbjóðandi kæranda keypti bifreiðina í október 1998.

Tollstjóri telur hins vegar að upplýsingarnar sem gefnar voru séu alfarið byggðar á þeim upplýsingum og forsendum sem kærandi gaf upp á þeim tíma sem þær voru gefnar og fram komi í þeim að þær séu gefnar með fyrirvara og séu á engan hátt bindandi fyrir embættið og hafnar alfarið kröfum kæranda.

Nefndarmenn geta ekki fallist á það með kæranda að verðmat sem tollstjóri gefur umbjóðanda hans með fyrirvara sé lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda af umræddri bifreið. Forsendur og aðstæður breytast og tollverð vöru miðast við þær forsendur sem til staðar eru þegar tollafgreiðsla fer fram. Upplýsingar sem þessar eru til leiðbeiningar en eru ekki ígildi úrskurðar eða álits gefnar skv. 142 gr. tollalaga. Það að upplýsingarnar voru gefnar með fyrirvara gaf kæranda fullt tilefni til að skoða forsendur þeirra betur, og e.a. kanna sjálfur hvað fyrirvarinn fæli í sér. Á hinn bóginn má taka undir það með kæranda að vanda ber til svona upplýsinga af hálfu opinbers aðila, til að fyrirbyggja misskilning.

Í 23. gr. reglugerðar nr. 374/1995 segir m.a.: *“Flytji maður búferlum til landsins eftir að hafa verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næst liðið ár og hafi með sér ökutæki sem hefur verið í hans eigu það ár eða lengur,”* Ljóst er af gögnum að innflytjandi varð formlega skráður eigandi bifreiðarinnar þann 12. janúar 2003. Á hitt ber að líta að hér er um svokallaða kaupleigubifreið að ræða, en í því felst að seljandinn er skráður eigandi bifreiðarinnar uns hún er að fullu greidd. Hins vegar gera aðilar með sér svokallaðan “leasing” samning. Ef staðið er við samninginn af beggja hálfu verður í þessu tilviki kærandinn eigandi bifreiðarinnar, enda komi fram í kaupsamningnum að kaupandi verði eigandi vöru við lok samningstíma að samningi uppfylltum. Skattalega séð tilgreinir kaupandi samkvæmt kaupleigusamningi viðkomandi hlut sem sína eign um leið og samningur hefur verið gerður. Ríkistollanefnd telur því eðlilegast að líta svo á að kærandi hafi átt bifreiðina frá undirskrift kaupleigusamnings 1998. Þrátt fyrir þessa túlkun ríkistollanefndar er ljóst skv. 23. gr. rgl. 374/1995 að umrædd bifreið getur ekki talist vera hluti af búslóð kæranda í skilningi tollalaga, og getur því ekki notið fyrningar skv. því.

Til þrautavara krefst kærandi þess að leyft sé að bifreiðin verði fyrnd um 90% frá reikningsverði þegar umbjóðandi kæranda keypti bifreiðina í október 1998. Með kærinni fylgdi yfirlýsing “Bill of sale” um að innflytjandi kaupi bifreiðina af Claire Stella Richeliev. Kaupin eru fjármögnuð af Agus Jusran og er kaupverð USD 18.000,-. Hér er ekki um reikning að ræða þar sem heildarverð bifreiðarinnar kemur ekki fram á þessari yfirlýsingu. Fjármögnunarkostnaður vegna kaupanna er ekki til staðar og þar af leiðandi ekki heildarkostnaður vegna kaupanna. Endanlegt kaupverð bifreiðarinnar er sú heildargreiðsla sem kaupandi hefur greitt skv. kaupleigusamningnum. Þá gefur innkaupsverð bifreiðarinnar ekki rétta mynd af verðmæti hennar í dag þar sem hún er keypt skemmd eftir umferðaróhapp eins og fram kemur í skoðunarskýrslu sem fylgdi málsskjölum. Bifreiðin er af gerðinni Range Rover County Classic. Slíkar bifreiðar eru með eldri gerð yfirbyggingar. Þær hafa ekki verið fluttar inn til landsins eftir 1995. Nefndarmenn fóru og skoðuðu bifreiðina þar sem hún stóð hjá flutningsaðila. Bifreiðin er sjálfskipt, með leðurinnréttingu og fernra dyra. Lítið sést á bifreiðinni að utan en innrétting hefur látið á sjá. Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila Range Rover bifreiða hér á landi er bifreið sambærileg þeirri sem hér er verið að fjalla um ekki framléidd lengur. Fulltrúar umboðsins segja yfirbyggingu ekki lengur sambærilega, vél sé töluvert breytt frá 1995 og grind einnig. Viðmiðunar bifreið sem næst kemst þeirri sem hér er deilt um væri “1995 - Land Rover – Range Rover – 4000 – Base (grunnútgáfa) – 5 dyra – bensín – sjálfskiptur” og er núvirði slíkrar bifreiðar kr. 5.450.000. Þetta er grunnútgáfa Range Rover en með “nýju” yfirbyggingunni og endurbættri vél. Ekki eru til upplýsingar um sambærilega bifreið. Tollstjóri miðar í útreikningi sínum við leiðrétt viðmiðunarverð kr. 6.150.000. Sem mun vera samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum umboðs Range Rover verð fyrir: “1995 - Land Rover – Range Rover – 4000 – SE – 5 dyra – Bensín – Sjálfskiptur.” Þessi útfærsla er dýrari en grunnútgáfan og er enn síður sambærileg þeirri bifreið sem hér er deilt um verð á. Nefndarmenn eru ekki sammála viðmiðunarverði tollstjóra og telja að rétt viðmiðunarverð sé kr. 5.450.000. Með vísan til 8. gr. og 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 7/2003, dags. 6. október 2003, um aðflutningsgjöld af bifreiðinni UY-940, sem er af gerðinni Range Rover, árgerð 1995, er kom til landsins með sendingu S HAD 03 06 3 US NEN J537, skuli standa óbreyttur að öðru leyti en því að viðmiðunarverð bifreiðarinnar skuli vera kr. 5.450.000.